

## ÓSKAÐ EFTIR TILNEFNINGUM TIL HVATNINGARVERÐLAUNA Á SVIÐI MENNINGARMÁLA Á SUÐURLANDI 2023

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Um er að ræða samfélagslega viðurkenningu sem SASS mun veita formlega á ársþingi sínu í október 2023.

Markmiðið með verðlaununum er að vekja jákvæða athygli á menningartengdum verkefnum á Suðurlandi, en mikil gróska hefur verið á þeim vettvangi undafarin ár.

Verðlaunin má veita einstaklingi, fyrirtæki, stofnun, söfnum, hópi og/eða verkefni. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning á sviði menningar en menning er víða hornsteinn hvers samfélags og skiptir íbúa og gesti á Suðurlandi miklu máli.

Í rökstuðningi tilnefningarinnar skal hafa eitthvað af eftirfarandi atriðum til hliðsjónar:

- Hefur tilnefndur gefið jákvæða mynd af Suðurlandi og/eða ákvæðnu svæði á Suðurlandi?
- Hefur tilnefndur stuðlað að þátttöku íbúa og/eða gesta á menningarviðburðum á Suðurlandi?
- Hefur tilnefndur vakið sérstaka athygli á menningararfi Sunnlendinga?
- Hefur tilnefndur aukið samstöðu og virkni í tengslum við menningu meðal íbúa?
- Hefur tilnefndur skapað nýtt menningartengt verkefni sem vakið hefur eftirtekt?
- Hefur tilnefndur með einhverjum hætti stuðlað að aukinni menningu hjá börnum og ungmönnum?

Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýta á til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi

Tilnefningar skal senda á netfangið [menningarverdlaun@sass.is](mailto:menningarverdlaun@sass.is) eigi síðar en mánudaginn 9. október nk.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Íris Ellertsdóttir <iris.ellertsdottir@arborg.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 27. september 2023 18:44  
**To:** ellidi@olfus.is; Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Valtýr Valtýsson; Haraldur Þór Jónsson; Hulda Kristjánsdóttir; Geir Sveinsson; Aldís Hafsteinsdóttir; sveitarstjori@ry.is; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Anton Kári Halldórsson; Einar Elínarson; sveitarstjori; Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg; hruni; hvolsvollur; klaustur; Móttaka Hveragerði; myrdalshreppur; olfus@olfus.is; ry; skeidgnup@skeidgnup.is; Rósa Sif Jónsdóttir; Ráðhúspóstur DL  
**Cc:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Rósa Sif Jónsdóttir  
**Subject:** Aðalfundur Bergrisans 16. október næstkomandi  
**Attachments:** Bergrisinn kjörbréf október 2023 (1).DOCX  
**Importance:** High

Heil og sæl,

Aðalfundur Bergrisans verður haldinn mánudaginn, 16. október næstkomandi. Dagskrá og fundargögn berast 2. október næstkomandi.

**Athugið að í samræmi við samþykktir er fundarboð sent á framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga en framkvæmdastjóri sér um að boða aðalfulltrúa síns sveitarfélags til fundarins. Ef forföll verða skal aðalfulltrúi boða varafulltrúa á fund í sinn stað. Jafnframt skal framkvæmdastjóri aðildarsveitarfélags tilkynna til verkefnastjóra Bergrisans hverjir verða fulltrúar á fundinum og senda kjörbréf á netfang þetta með a.m.k tveggja daga fyrirvara.**

*Bestu kveðjur,  
Íris Ellertsdóttir,  
verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks- Bergrisinn bs.  
Sími 8391040*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Jafnrétti - JAFNT <jafnretti@jafnretti.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 12. september 2023 13:59  
**Subject:** Rafrænn fundur um málefni sveitarfélaga

Góðan dag

Vinsamlegast sendið áfram á viðeigandi aðila innan sveitarfélagsins.

Í stað hefðbundins landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga boðar Jafnréttisstofa til rafræns kynningarfundar. Á fundinum verður farið yfir breytt fyrirkomulag á samtali Jafnréttisstofu og sveitarfélaganna og það sem framundan er hjá Jafnréttisstofu í tengslum við málefni sveitarfélaga.

Fundurinn verður **þriðjudaginn 10. október frá kl. 13:00-14:00.**  
Hann fer fram á zoom og verður hlekkur sendur ásamt fundarboði á skráða þátttakendur.

Skráning á fundinn fer fram hér: <https://www.jafnretti.is/is/moya/formbuilder/index/index/kynningarfundur-fyrir-sveitarfelog>

Bestu kveðjur frá starfsfólki Jafnréttisstofu

**Jafnréttisstofa**  
**Borgum við Norðurslóð**  
**600 Akureyri**  
**[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)**  
**s. 460-6200**





Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 5. september 2023  
Tilv.: IRN23090010/4.5

Efni: Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu

Athygli innviðaráðuneytisins hefur verið vakin á því að fá sveitarfélög hafi sett sér málstefnu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga þar um.

Því miður benda gögn ráðuneytisins til að þessi ábending eigi við rök að styðjast.

Af því tilefni vekur ráðuneytið athygli sveitarstjórnarinnar á 130. gr. sveitarstjórnarlaga um málstefnu sveitarfélaga.

Þar segir:

Sveitarstjórn mótar sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd og eftir atvikum málnefnd um íslenskt táknmál. Þar skal koma fram að öll gögn liggja fyrir á íslensku svo sem kostur er og gerð grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu. Þar skulu settar reglur um notkun íslensks táknmáls og íslensks punktaleturs í gögnum og starfsemi sveitarfélagsins. Enn fremur skal koma fram hvaða gögn liggja að jafnaði fyrir í erlendum málbúningi og hvaða tungumál þar er um að ræða. Þá skal þar setja reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku.

Mál það sem er notað í starfsemi sveitarfélags eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Með hliðsjón af ofangreindu ákvæði sveitarstjórnarlaga hvetur ráðuneytið sveitarstjórnina til að ýta úr vör vinnu við málstefnu sveitarfélagsins sé slík stefna ekki fyrir hendi. Þá stendur ekkert í vegi fyrir því að sveitarfélög taki sig saman um mótun grundvallarstefnu af þessu tagi.

Sérstök athygli er vakin á skyldu sveitarstjórna til þess að setja sveitarfélögum reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annarri tungu en íslensku. Ljóst er að í fæstum tilvikum liggja slíkar reglur fyrir jafnvel þó hátt hlutfall íbúa sé af erlendum uppruna.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is


Reykjavík 26. september 2023  
Tilv.: UMH23090094/12.6

Efni: Bréf til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti

Til að ná markmiðum Íslands í orku- og loftslagsmálum þarf orkuskipti í samgöngum á landi. Í umhverfis- og orku og loftslagsráðuneytinu er unnið að endurskoðun fyrirbyggjandi aðgerðaáætlunar um orkuskipti frá árinu 2017. Bent hefur verið á að til að ná fyrrgreindum markmiðum þurfi að byggja hratt upp hleðsluinnviði og dreifi- og flutningskerfi raforku. Þannig hefur Samorka áætlað að tvöfalda þurfi afhendingargetu dreifikerfa dreifiveitna vegna orkuskipta og telur að gera megi ráð fyrir því að verulegur hluti þeirrar viðbótargetu þurfi að koma til fyrir 2030 og að mestu leyti innan 10 – 15 ára. Innviðafjárfestingar í raforkukerfi hafi þá mjög langan líftíma og að horfa þurfi til fullra orkuskipta við uppbyggingu slíkra innviða.

Mikilvægi orkuskipta birtast m.a. drögum að nýrri landsskipulagsstefnu innviðaráðherra (hvítbók), en þar eru loftslagsbreytingar og orkumál meðal viðfangsefna. Ljóst er að staðarval fyrir lóðir undir hraðhleðslustöðvar fyrir smáa og stóra bíla er mikilvægt skipulagsmál, enda varðar miklu að hugað sé að áhrifum á umferð, þörf fyrir aðra þjónustu og að litið sé til framtíðar í jarðefnaeldsneytislausu landi. Í því sambandi þarf að huga að aðgengi áhugasamra aðila að lóðum undir hraðhleðslustöðvar og hleðslugarða og svigrúmi raforkufyrirtækja til að byggja upp innviði sem þjóna þurfa hleðsluþörfinni,

Orkustofnun hefur bent á að við staðarval vegna hraðhleðslustöðva þurfi að hafa í huga nálægðina við mikilvæga innviði raforkukerfisins, eins og tengipunkta flutningskerfisins (tengivirki). Í ljósi þess að sveitarfélögin í landinu fara með skipulagsgerð innan sinna sveitarfélagamarka telur ráðuneytið rétt að benda þeim á þennan mikilvæga þátt, þrátt fyrir að margir aðrir þættir geti einnig haft áhrif á heppilegt staðarval. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að tryggja gott upplýsingastreymi milli aðila svo flýta megi uppbyggingu eins og kostur er. Til upplýsinga sýnir eftirfarandi staðsetningu tengivirkja Landsnets:



Mynd 1 Tengivirki Landsnets

Orkustofnun hefur enn fremur bent á að æskilegt sé að sveitarfélög útbúi orkuskiptaáætlun á sínu svæði í góðu samráði við helstu hagaðila, þ.m.t. dreifiveitur. Markmið orkuskiptaáætlunar er vera leiðarljós við skipulagsvinnu þannig að unnt sé að skapa svigrúm til nauðsynlegrar uppbyggingar innviða í skipulagi og hafa til reiðu mögulegar lóðir sem henta. Hafa verður í huga að orkuskipti á landi ná til einkabíla, bílaleigubíla, hópferðabíla og vöruflutningabíla. Enn fremur að hröð uppbygging innviða er þegar hafin og má búast við að mesti þungi uppbyggingarinnar verði á tímabilinu 2025 – 2032.

Ráðuneytið vill að lokum hvetja sveitarfélög að leita til sviðs loftslagsbreytinga, orkuskipta og nýsköpunar eða Orkuseturs hjá Orkustofnun með leiðbeiningar og ábendingar um uppbyggingu innviða vegna orkuskipta.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson

Ljósrit: Innviðaráðuneyti, Landsnet, Orkustofnun

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@irn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 27. september 2023 14:59  
**Subject:** Hvítbók um skipulagsmál

Góðan dag,

Vakin er athygli á að hvítbók um skipulagsmál ásamt umhverfismatsskýrslu er nú í kynningu í samráðsgátt stjórnvalda, sjá frétt á vef ráðuneytisins [hér](#). Hægt er að senda inn umsögn eða ábendingar til og með 31. október nk.

Kveðja,  
Kristín Sandra



**Kristín Sandra Karlsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**  
Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála / Department of housing and planning  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



**GRÆN SKREF**

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir <sigrunhelga@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 22. september 2023 12:40  
**Subject:** Til umsagnar 3. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

22. september 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 6. október nk.** á netfangið [nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0003.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**

Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎6934479



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.  
Fyrirvari/Disclaimer*



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 29. september 2023 13:04  
**Subject:** Leiðrétting á hlekk - Til umsagnar 182. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

ATH. Leiðrétting á fyrri pósti sem innihélt rangan hlekk á þingskjalið.

29. september 2023  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028, 182. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 13. október nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/154/s/0184.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Halldóra Viðarsdóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

*Fyrirvari/Disclaimer*

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

*Fyrirvari/Disclaimer*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Þórdís Hadda Yngvadóttir <thordis.h.yngvadottir@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 29. september 2023 13:07  
**Subject:** Til umsagnar 171. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

29. september 2023

Frá nefnda- og greiningarsvið Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (lántökuskilyrði vegna íbúðafjárfestinga) 171. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 13. október nk.** á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0171.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



**Þórdís Yngvadóttir**  
Sérfræðingur  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið

☎ 563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

*Fyrirvari/Disclaimer*

Auður Harðardóttir  
Þorvaldur Árnason  
Pernunes 2  
210 Garðabær



## Tilkynning um niðurfellingu Lynghæðarvegs (3180-01) í Flóahreppi af vegaskrá,

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.*

Slíða 1/2



Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Mynd 1 er skjáskot af vefsíðu Vegagerðarinnar og sýnir umræddan veg (SSS)

Bréf þetta er sent á skráða eigendur Lynghæðar L196512 skv. fasteignaskrá þjóðskrár Íslands, en Lynghæðarvegur (3180-01), er skráður þjóðvegur skv. gildandi vegaskrá, mynd 1.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta/starfræksla atvinnufyrirtækis ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt um að Lynghæðarvegur (3180-01) er felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. Vegalaga. Vegagerðinni er skylt að fella héraðsvegi og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er mun Lynghæðarvegur (3180-01) felldur af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, á netfangið [sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is](mailto:sesselja.s.sigurdardottir@vegagerdin.is) innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.


Síða 2/2

Afrit sent á sveitarfélagið, [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Sesselja Sumarrós Sigurdardóttir  
Fulltrúi tæknideild  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

*Þetta skjal hefur verið samþykkt  
rafrænt*

Vegagerðin



**Hörður Harðarson**  
Kríumýri  
803 Selfoss

## Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Kríumýri 2.

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Kríumýri 2 í Flóahrepp, dags 24.07.2023. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

*„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“*

Í umsókninni kemur fram að sótt er um á grundvelli þess að skilyrði um fasta búsetu sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 sé uppfyllt. Með umsókninni fylgdu eftirfarandi gögn:

- ✓ Óstaðfest deiliskipulag sem sýnir legu vegarins, sent til Vegagerðarinnar 25.07.23, fer til kynningar.
- ✓ Staðfesting þinglýsts eiganda jarðar sem vegur mun liggja um að hann sé ekki mótfallinn vegarlagningunni, auk samþykkis hans á því að leggja land undir veg

Við meðferð umsóknarinnar kom í ljós að eftirfarandi fylgigögn skorti, sem Vegagerðin gerir kröfu um að lögð séu fram með umsókn um héraðsvegi:

- ✓ Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu.

Rétt er að taka fram að héraðsvegir eru þjóðvegir sem er almenningi til frjálsrar umferðar, haldið við af fé ríkisins og talinn er upp í vegaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. vegalaga.

-----  
Síða 1/3

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Vakin er athygli á því að vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun, sbr. 1. mgr. 28. gr. vegalaga. Um öryggissvæði með vegum skulu girðingar og vegskurðir vera í a.m.k. 5 m frá vegöxl. Sama á við um trjágróður þar sem um slíkt er að ræða. Lengd héraðsvegar reiknast skv. deiliskipulagi og loftmynd.

Úttekt: Starfsmaður Vegagerðarinnar fór á vettvang í 26.07.2023. Um er að ræða byggingu á nýjum vegi með tengingu við Glóruveg nr (3172-01). Gera skal ráð fyrir að vegurinn verði með 50 cm styrktarlagi og yfir það verði sett 10 sm malarslitlag. Breidd akreinar skal ekki vera minni en 4 m og ganga skal frá fláum með halla því sem næst 1:3.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er 1.100.000,- miðað við lengd vegar 110 m, styrktarlag 275 m<sup>3</sup> og malarslitlag 440 m<sup>2</sup>.

-----  
Síða 2/3

Tæknilegar leiðbeiningar og gögn má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar:

<https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/>

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem til þarf, endurgreiðir Vegagerðin helming af kostnaði vegna vegarins, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007, og mun uppgjör fara fram skv. framlögðum reikningum fyrir útlögðum kostnaði, en Vegagerðin áskilur sér rétt til að yfirfara vandlega þá reikninga og leita eftir skýringum ef um óeðlilegan kostnað er að ræða. Ef umsækjandi óskar eftir útfærslu á vegi sem er kostnaðarsamari leið en Vegagerðin leggur upp með, skal taka fram að Vegagerðin muni ekki taka þátt í greiðslu þeirra reikninga.

-----  
Vegagerðin

Vegagerðin áskilur sér þó allan rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra er umfram kostnaðarmat Vegagerðarinnar. Skal uppgjör þá fara fram á grundvelli kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt verði fram á að með fullnægjandi hætti að umframkostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Að loknum framkvæmdum er óskað eftir að umsækjandi tilkynni til Vegagerðinni að framkvæmdum er lokið og sendi Vegagerðinni gögn því til staðfestingar þ.e.:

- Lokareikningur verktaka eða önnur gögn sem staðfesta að verkinu sé lokið.
- Vegagerðin gerir úttekt á veginum og niðurstaða tilkynnt til umsækjanda.

Rétt er að taka fram að endurgreiðsla helmings kostnaðar fer í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Kríumýri 2 í Flóahrepp er samþykkt þegar vegagerð sbr. úttekt eru uppfyllt og fylgigögn sem vantar hafa verið send til Vegagerðarinnar. Fullt samráð telst hafa farið fram og getur umsækjandi því lokið vegframkvæmdum.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til Innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagssetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið; floahreppur@floahreppur.is

-----  
Síða 3/3

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
María Dís Ásgeirsdóttir  
Suðursvæði Vegagerðarinnar


*Þetta skjal hefur rafræna undirskrift.*

-----  
Vegagerðin

Hrefna Sóley Kjartansdóttir  
Arabæjarhjáleiga  
801 Selfossi

s.: 896 6611

netfang: [hsk1@internet.is](mailto:hsk1@internet.is)



## Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Arabæjarhjáleiga í Flóahreppi.

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Arabæjarhjáleiga í Flóahreppi, dags 07.09.2023. Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem fram kemur að:

*„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“*

Í umsókninni kemur fram að sótt er um á grundvelli þess að skilyrði um fasta búsetu sbr. c. lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 sé uppfyllt. Með umsókninni fylgdu eftirfarandi gögn:

- Vottorð þjóðskrár um lögheimilisskráningu.
- Staðfesting sveitarfélagsins á fastri búsetu.

Rétt er að taka fram að héraðsvegir eru þjóðvegir sem er almenningi til frjálsrar umferðar, haldið við af fé ríkisins og talinn er upp í vegaskrá, sbr. 1. mgr. 8. gr. vegalaga.

Vakin er athygli á því að vegir skulu lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun, sbr. 1. mgr. 28. gr. vegalaga. Um öryggissvæði með vegum skulu girðingar og vegskurðir vera í a.m.k. 5 m frá vegöxl. Sama á við um trjágróður þar sem um slíkt er að ræða. Lengd héraðsvegar reiknast skv. deiliskipulagi og loftmynd.

Úttekt: - Starfsmaður Vegagerðarinnar fór á vettvang dags 13.09.2023. Um er að ræða núverandi veg með tengingu við Villingaholtsveg (305-02). Bæta þarf í veginn 30-40sm styrktarlagi á fyrstu 25m (frá Villingarholtsvegi). Jafnframt skal setja 10cm maltarslitlag á allan veginn, þ.e. 86m. Áætlaður framkvæmdarkostnaður er 325.000,- miðað við lengd vegar 86 m, styrktarlag 45 m<sup>3</sup> og mölburð 34 m<sup>3</sup>.

Tæknilegar leiðbeiningar og gögn má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar:  
<https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/>

Að uppfylltum þeim skilyrðum sem til þarf, endurgreiðir Vegagerðin helming af kostnaði vegna vegarins, sbr. 20. gr. laga nr. 80/2007, og mun uppgjör fara fram skv. framlögðum reikningum fyrir útlögðum kostnaði, en Vegagerðin áskilur sér rétt til að yfirfara vandlega þá reikninga og leita eftir skýringum ef um óeðlilegan kostnað er að ræða. Ef umsækjandi óskar eftir útfærslu á vegi sem er kostnaðarsamari leið en Vegagerðin leggur upp með, skal taka fram að Vegagerðin muni ekki taka þátt í greiðslu þeirra reikninga.

Vegagerðin áskilur sér þó allan rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra er umfram kostnaðarmat Vegagerðarinnar. Skal uppgjör þá fara fram á



grundvelli kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt verði fram á að með fullnægjandi hætti að umframkostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Að loknum framkvæmdum er óskað eftir að umsækjandi tilkynni til Vegagerðinni að framkvæmdum er lokið og sendi Vegagerðinni gögn því til staðfestingar þ.e.:

- Lokareikningur verktaka eða önnur gögn sem staðfesta að verkinu sé lokið.
- Vegagerðin gerir úttekt á veginum og niðurstaða tilkynnt til umsækjanda.

Rétt er að taka fram að endurgreiðsla helmings kostnaðar fer í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til Innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagssetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg verður samþykkt þegar lokafrágangi vegarins sbr. úttekt eru uppfylltar er lokið samkvæmt ofangreindum skilyrðum.

Afrit sent á sveitarfélagið; [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

-----  
Síða 2/2

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

-----  
Vegagerðin

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Svanur G. Bjarnason - VG <svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>  
**Sent:** mánudagur, 4. september 2023 15:11  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Svar við bókun sveitarstjórnar  
**Attachments:** Samgöngumál í Flóahreppi.pdf

Góðan dag

Meðfylgjandi er svar við erindi sveitarfélagsins

Kveðja



### Svanur Bjarnason

Svæðisstjóri  
Suðursvæði

Regional director  
South Region

Vegagerðin  
Icelandic Road and  
Coastal Administration

[svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is](mailto:svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is)

[+354 354 522 1000](tel:+3543545221000)

Breiðamýri 2, 800 Selfossr  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)

### Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

### English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



## Flóahreppur

Þingborg  
803 Selfoss

### Samgöngumál í Flóahreppi

Vegagerðin hefur mótttekið erindi ykkar dags. 16. ágúst sl. þar sem farið er yfir ástand vega í Flóahreppi og þá einna helst slæmt ástand malarvega. Varðandi þjónustu og viðhald malarvega að þá er almennt reiknað með að hefла þá amk. tvisvar á ári þ.e. að vori og hausti. Mölburður í malarvegi fer eftir efnum og ástæðum hverju sinni en í ár er megináherslan einmitt á vegi í Flóahreppi.

Hvað varðar áætlanir um lagningu bundins slitlags á tengivegi að þá er í gildi áætlun sem er endurskoðuð reglulega en rétt er að nefna að ekki er langt síðan að einmitt var lagt bundið slitlag á hluta Hamarsvegar og Urriðafossvegar.

Núgildandi áætlun nær til ársins 2027 og er gert ráð fyrir að leggja bundið slitlag á hluta Öndarholtsvegar á árinu 2027 í þeirri áætlun.

Við gerð tengivegaáætlunar er helst horft til umferðarmagns um vegina og lengd skólaleiða á malarvegum.

Varðandi skilgreiningu á aðalbrautum að þá hefur þjóðvegakerfið ekki verið uppfært með aðalbrautir í huga á landsvísu frá 2013. Stefnt er að því að uppfæra þessar skilgreiningar í haust/vetur og þá með uppsetningu nýrra merkja og breytingum á yfirborðsmerkingum næsta sumar þar sem það á við.

Síða 1/1

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Svanur Bjarnason  
Svæðisstjóri Suðursvæðis

Þetta skjal hefur verið samþykkt  
rafrænt

Vegagerðin  
Breiðamýri 2  
800 Selfoss  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 14. september 2023 11:21  
**To:** Sólveig Gísladóttir - VG  
**Subject:** Samráðsfundir vegna endurskoðunar á vinnureglum vetrarþjónustu - Vegagerðin óskar eftir þátttakendum  
**Attachments:** Samráðsfundir - bréf til þátttakenda.pdf

Góðan daginn

**Vegagerðin óskar eftir þátttakendum á samráðsfundi í öllum landshlutum til að endurskoða vinnureglur vetrarþjónustu.**

Vegagerðin vinnur nú að því að yfirfara forsendur, forgangsröðun og meta tilefni til breytinga á gildandi reglum um vetrarþjónustu á þjóðvegum frá árinu 2018. Verkefnið er unnið í samstarfi við innviðaráðuneytið með áherslu á aðkomu hagaðila, á borð við fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og fleiri.

Yfirferð á gildandi reglum felst í að uppfæra mat á þjónustupörf og forgangsröðun auk þess að gera tillögur að breytingum og áhrif þeirra á þörf fyrir fjárveitingar.

Fundir verða haldnir á eftirfarandi stöðum og tíma:

- **Höfuðborgarsvæði og Suðurnes**, Hótel Keflavík, 2. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Suðurland**, Hótel Stracta á Hellu, 4. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vesturland**, Fosshótel Stykkishólmi, 6. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vestfirðir**, Edinborgarhúsið, 9. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Norðurland**, Hofi menningarhúsi, 11. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Austurland**, Hótel Hérað, 12. október 2023, klukkan 13:00-16:00

Óskað er eftir þátttöku ykkar á samráðsfundum. Mikilvægt er að tilnefndur aðili mæti undirbúinn og hafi eitthvað fram að færa hvað varðar vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.

Skráning fer fram hér: <https://forms.office.com/e/p4vAzp8Kwb>

Skráningu lýkur þann 26. september 2023.

Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafið samband við: [katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is](mailto:katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is)

Með von um þátttöku og gott samstarf,

Katrín Þ. Pálsdóttir

[katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is](mailto:katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is)

### **Um ábyrgð á tölvupósti**

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

## Samráðsfundir vegna endurskoðunar á vinnureglum vetrarþjónustu

Vegagerðin óskar eftir þátttakendum á samráðsfundi í öllum landshlutum til að endurskoða vinnureglur vetrarþjónustu.



Vegagerðin vinnur nú að því að yfirfara forsendur, forgangsröðun og meta tilefni til breytinga á gildandi reglum um vetrarþjónustu á þjóðvegum frá árinu 2018. Verkefnið er unnið í samstarfi við innviðaráðuneytið með áherslu á aðkomu hagaðila, á borð við fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og fleiri.

Yfirferð á gildandi reglum felst í að uppfæra mat á þjónustupörf og forgangsröðun auk þess að gera tillögur að breytingum og óhrif þeirra á þörf fyrir fjárveitingar.

Fundir verða haldnir á eftirfarandi stöðum og tíma:

- **Höfuðborgarsvæði og Suðurnes**, Hótel Keflavík, 2. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Suðurland**, Hótel Stracta á Hellu, 4. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vesturland**, Fosshótel Stykkishólmi, 6. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Vestfirðir**, Edinborgarhúsið, 9. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Norðurland**, Hofi menningarhúsi, 11. október 2023, klukkan 13:00-16:00
- **Austurland**, Hótel Hérað, 12. október 2023, klukkan 13:00-16:00

-----  
Síða 1/1

Óskað er eftir þátttöku ykkar á samráðsfundum. Mikilvægt er að tilnefndur aðili mæti undirbúinn og hafi eitthvað fram að færa hvað varðar vetrarþjónustu Vegagerðarinnar.

-----  
Vegagerðin  
\${User.fullname}

Með von um þátttöku og gott samstarf,  
Katrín Þ. Pálsdóttir

Skráning fer fram hér: <https://forms.office.com/e/p4vAzp8Kwb>  
Skráningu lýkur þann 26. september 2023.

Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafið samband við:  
katrin.th.palsdottir@vegagerdin.is

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Samráðsgátt <noreply@island.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 7. september 2023 10:08  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Umsögn móttækin í máli nr. 119/2023: Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu

Ágæti viðtakandi.

Umsögn þín um mál nr. 119/2023, „Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu“, hefur verið móttækin.

Að umsagnarfresti liðnum verður unnið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast og niðurstöður samráðsins birtar í gáttinni. Hér er hægt er að gerast áskrifandi að málinu og fá tilkynningu þegar niðurstöður hafa verið birtar.

Smelltu hér til að skoða málið nánar.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.



Þingborg, 5. september 2023

Tilvísun: Mál nr. 119/2023

## Efni: Umsögn Flóahrepps til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu á Íslandi.

Sveitarstjórn tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga og gerir að sinni. Einnig tekur sveitarstjórn undir umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 16.08.2023 (málsnr: M202308-0067). Í umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er greinargóð lýsing og greining á stöðu sveitarfélaga sem hafa mikið af orkumannvirkjum innan síns umdæmis.

### Flóahreppur leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Mikilvægt er að nærsamfélagið, þ.e. sveitarfélögin og landeigendur, njóti ávinnings vegna nýtingu orkuaútlinda í sveitarfélaginu og að tekið verði tillit til orkumannvirkja og flutningslína við endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu. Öll orkumannvirki verði metin til fasteignamats og sveitarfélögin fái fasteignaskatt af þeim.

Afnema þarf undanþágur frá skattgreiðslum orkufyrirtækja til sveitarfélaga.


Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir að enginn fulltrúi nærsamfélagsins (sveitarfélaganna) eigi sæti í starfshópnum og hvetur til þess að úr því verði bætt.

Störf verði til á landsbyggðinni þar sem orkuvinnsla á sér stað þannig að útsvar verði eftir innan sveitarfélaganna þar sem orkuvinnslan fer fram.

Jafna þarf kostnað við dreifingu rafmagns þannig að dreifibýlið greiði ekki hærri gjöld af flutningi raforku en þéttbýlissvæðin. Fella þarf út heimild í lögum sem leyfir sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu rafmagns um allt land þannig að notendur sitji við sama borð þegar kemur að kostnaði við dreifingu rafmagns sama hvað þeir búa.

Samþykkt samhljóða af sveitarstjórn Flóahrepps á 286. fundi dags. 05.09.2023

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps

  
SVEITARSTJÓRI  
FLÓAHREPPS  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

# Tryggjum nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

September 2023

Hlutverk nefndarinnar var að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Haldin var vinnustofa 9. mars 2023 og var niðurstaðan skýr, að tekjur nærsamfélags ætti að vera blanda af fasteignasköttum orkumannvirkja ásamt nærsamfélags auðlindarentu.

Áhersla var á að hærra hlutfall af tekjum skilaði sér til beins áhrifsvæðis en að tekjur skili sér einnig til óbeins áhrifsvæðis.

Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar öllum helstu hagaðilum á vormánuðum 2023.

## Helstu niðurstöður starfsnefndar

### Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er tekið tillit til á nokkum á landsvæði. Flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðrætingar eða áhrif á landnotkun og vatnsvæði.

### Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jón hlutfall séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.




### Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutfélag í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andleg fasteignaskatts.

Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.







Til þess að hægt sé að ná markmiðum um sannaþjarnar tekjur til nærsamfélagsins var því nauðsynlegt að finna leiðir til að skilgreina nærumhverfi orkuvinnslu á einfaldan og skýran máta.



Daði Már Kristófersson, professor í Háskóla Íslands, bauð fram aðstoð Háskóla Íslands til að reikna og útfæra leiðir til að skilgreina nærumhverfi orkuvinnslu á Íslandi.



Þorsteinn Stefánsson, nemi í hagfræði, tók að sé vinnu við að útfæra leiðir til skilgreiningar nærumhverfis orkuvinnslu



Nærumhverfi vindorkuvirkjana, jarðvarmavirkjana og flutningsmannvirkja skal skilgreina sem fjarlægð sjóndeildarhrings án tillits til landslags með formúlunni þar sem  $h$  = hæð orkumannvirkis í metrum sem skilar radius áhrifsvæðis í km.


Til að reikna vægi nærumhverfis er notuð formúla fyrir rúmmál keilu

$$V = \pi r^2 \frac{h}{3}$$

Þannig verður minnkandi vægi flatarmáls með aukinni fjarlægð


**Dæmi um áhrifsvæði:**

$3,57\sqrt{37m} = 21,7$  km radius  
 $3,57\sqrt{75m} = 30,9$  km radius  
 $3,57\sqrt{150m} = 43,7$  km radius



### Búrfellslundur dæmi:

150m hæð keilu	
Sveitarfélag	Hlutf. í áhrifsvæði
Þingfelling Ytra	46,5%
Stekla og Gnúpsögðhreppur	29,6%
Hrummannahreppur	12,4%
Áshreppur	5,0%
Bláskógabyggð	5,2%
Þingfelling Eystra	0,7%
Görfur og Gnúpsögðhreppur	0,1%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>






Nærumhverfi vatnsafvirkjana skal skilgreina út frá bakkalengd vatnasvæðis aðfallandi áa í uppistöðulón, bakkalengd uppistöðulóns og bakkalengd vatnasvæðis til sjávar.


### Sogsvirkjarnir dæmi:

Bakkalengd Þingvallavats. Sogsins og aðfallandi áa	Hlutfall í áhrifsvæði
Sveltartélag	42.4%
Grímsnes og Grafingshreppur	28.0%
Bláskógabyggð	14.2%
Sveltartélagið Ölfus	10.6%
Sveltartélagið Árborg	2.9%
Flóahreppur	1.7%
Kjósahreppur	100%
Samtals	100%



### Hellisheiðavirkjun dæmi:

75m hæð tellu		375m hæð tellu	
Comastélag	Hlutfall í áhrifsvæði	Comastélag	Hlutfall í áhrifsvæði
Sveltartélagið Ölfus	44.7%	Sveltartélagið Ölfus	45.6%
Grímsnes og Grafingshreppur	24.1%	Grímsnes og Grafingshreppur	19.9%
Mestilíbar	11.0%	Mestilíbar	10.6%
Kjósahreppur	6.6%	Hafnarfjarðarkaupstaður	9.6%
Reiðuhúsborg	7.0%	Grímsnes og Grafingshreppur	9.3%
Bláskógabyggð	4.5%	Reiðuhúsborg	2.5%
Sveltartélagið Árborg	3.1%	Westrerfíbar	0.7%
Hafnarfjarðarkaupstaður	3.7%	Sveltartélagið Árborg	0.6%
Grindavíkurbær	2.1%	Bláskógabyggð	0.6%
Kjósahreppur	1.6%	Grindavíkurbær	0.4%
Hvergerfíbar	0.6%	Grindavíkurbær	0.7%
Grindavíkurbær	1.2%	Samtals	100%
Samtals	100%		



Niðurstaða starfshóps Samtaka orkusveitarfélaga um sangjarnar tekjur til nærumhverfis er því eftirfarandi:



Undanþága orkumannvirkja frá fasteignamatni verði felld út gildi. Öll orkumannvirki verði sett í nýjan skattflokk fasteignaskatts, D skattur sem gæti verið lægri prósentu en C skattur, XX %



Nærsamfélag fær afhent hluta af framleidu rafmagni, XX % sem skiptist á nærsamfélag eftir hlutfalli áhrifasvæðis. Nærsamfélagið getur því valið að nota orkuna í héraði eða selja orkuna á markaði.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Anna G. Björnsdóttir <anna@samband.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 26. september 2023 10:32  
**Subject:** FW: Sign up for Nordregio Forum í Reykjavík: Young Nordics - The key to a prosperous and green region

Sæl verið þið

Ég vil vekja athygli ykkar á því að árleg byggðaráðstefna norrænu byggðastofnuninnar, Nordregio, mun verða haldinn í Reykjavík 17. október nk. Staða ungs fólks í norrænum byggðum mun verða í brennidepli, ásamt grænni umbreytingu, sjá nánar hér að neðan.

Þess er farið á leit að þessi póstur verði framsendur kjörnum fulltrúum.

mgkv  
Anna Guðrún

---

**From:** Nordregio <nordregionews@nordregio.org>  
**Sent:** Wednesday, September 20, 2023 12:15 PM  
**To:** Anna G. Björnsdóttir <anna@samband.is>  
**Subject:** Sign up for Nordregio Forum: Young Nordics - The key to a prosperous and green region



[Open in browser](#)





## Efni: Áhersluverkefni fyrir Sorpstöð Suðurlands – Punktar frá Flóahreppi

Í tengslum við tölvupóst frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra SASS dags. 7. september 2023 um áhersluverkefni á komandi starfsári þá vill sveitarstjórn og umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps koma eftirfarandi á framfæri:

1. Skoðuð verði heildarlaun á afsetningu/förgun dýrahæja fyrir svæðið í samvinnu við ráðuneyti umhverfis og orkumála með það að markmiði að stytta vegalengdir og minnka kostnað og fyrirhöfn vegna þessa úrgangsflokks. Í flestum sveitarfélögum á svæðinu hefur gengið vel að innleiða þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs en þessi úrgangsflokkur er þó enn óleystur. Ábyrgð á úrgangsmálum er hjá sveitarfélögum en mikilvægt er að vinna þetta í samráði við ráðuneytið og skoða möguleikann á því að ríkið komi að uppbyggingu innviða líkt og brennslustöð fyrir dýrahæ.
2. Skoðað verði hvort hægt sé að fjárfesta í aðstöðu á urðunarstað á Strönd til að tryggja umhverfi og grunnvatn þannig að hægt sé að gera Strönd að þrautarvaraleið fyrir lífrænan úrgang. Á þann hátt sé mögulegt að bregðast við ef vandamál koma upp varðandi núverandi farvegi fyrir lífrænan úrgang svo sem bilanir eða truflanir á flutningi. Í dag er þessu þrautarvari í Álfsnesi en sá samningur rennur út á næstu mánuðum.
3. Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps hefur bent á möguleikann á sameiginlegum hræsöfnunarbíl fyrir svæðið sem SOS er hvött til að skoða á meðan ekki er annar farvegur svo sem brennslustöð á svæðinu. Nefndin benti samhliða á að mikilvægt sé að sá sem noti sé rukkaður fyrir þjónustuna í anda nýrra laga og er SOS hvött til að setja upp tillögu að gjaldtöku fyrir sveitarfélögin vegna þessa úrgangsflokks m.t.t. raunkostnaðar.

*Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps*

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*